

Fundargerð

**Stjórn VJP - 112. fundur stjórnar VJP haldinn á Klapparstíg 25-27,
6. desember 2017, kl. 12:30.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ármann Höskuldsson formaður, Guðrún Áslaug Jónsdóttir varaformaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Vilhjálmur Árnason varamaður, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, stjórnarmaður.

Þorvarður Helgasons varaáheyrnarfulltrúi Samtaka útivistarféлага sat fundinn í fjarveru Snorra Ingimarssonar.

2. Fundargerðir svæðisráða - 1711005

Fundargerðir svæðisráða

Óli Halldórsson formaður svæðisráðs norðursvæði fór yfir fundargerð.

Fór yfir þá stöðu að Skógrækt ríkisins á umtalsvert land í Ásbyrgi og æskilegt væri að skýra þetta mál.

Ruth Magnúsdóttir formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð 87. fundar.

Hver er staðan með innleiðingu á ONE fundarkerfinu og uppsetningu vegna funda svæðisráðanna.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir formaður svæðisráðs vestursvæði fór yfir þrjár fundargerðir.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 55 - 1711003F

Formaður fór yfir fundargerð. Vakti máls á miklum fjölda beiðna um leyfi til reksturs innan þjóðgarðsins og mikilvægi að atvinnustefnan taki gildi. Einnig farið yfir beiðni um friðun Skúmeyjar í vísindaskyni. Stjórn sammála að þjóðgarðsvörður beiti skyndilokun þar til verndaráætlun fyrir svæðið verður tilbúin.

3. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

Gestir

Sigbjörn Kjartansson arkitekt Gláma Kím - 13:50

Silja Traustadóttir arkitekt Gláma Kím - 13:50

Sigbjörn og Silja fóru yfir skipulagið á svæðinu og vinnu við breytingar á deiliskipulagi við Jökulsárlón. Umræður um hugmyndir skipulagsráðgjafar munu í framhaldinu funda með svæðisráði suðursvæðis. Tillaga að breytingum verður í framhaldi af afgreiðslur frá svæðisráði suðursvæðis tekin fyrir á stjórnarfundi.

4. Gestastofa við Kirkjubæjarklaustur - 1711006

Gestir

Birgir Teitsson Arkís arkitektar - 13:10

Birgir fór yfir stöðuna. Hönnunarvinna er langt kominn og nú er samtal í gangi við Vegagerðina um vegtengingar að gestastofunni. Stefnt er að kynningu fyrir svæðisráði í byrjun árs 2018.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun - 1709012

Tillaga til afgreiðslu

Formaður fór yfir málið. Búið er að fara yfir þær tillögur og athugasemdir sem fram hafa komið. Ekki hafa verið gerð efnislegar breytingar á stjórn- og verndaráætlun. Fyrir fundinum liggja 11 tillögur frá Samút.

Farið yfir tillögu nr. 1 tillagan snýr að því að fella út inngang samþykkt samhljóða að hafna tillögunni.

Farið yfir tillögu nr. 2 tillagan snýr að mynd af skipurit inngang samþykkt samhljóða að hafna tillögunni. Stjórn samþykkir að mynd verði breyt þannig að hún sýni einnig áheyrnarfulltrúa

Farið yfir tillögu nr. 3 tillagan snýr að akstri utan vega því að fella út Tillagan samþykkt með orðalagsbreytingu í stað orðsins "það" komi orðið "annað"

Farið yfir tillögu nr. 4 tillagan snýr að 10 reglum sem fella eigi út. Tillögunni er hafnað Sigmundur greiddi atkvæði með tillögunni.

Farið yfir tillögu nr. 5 tillagan snýr að Vetrarakstri og akstursleiðir. Tillögunni er hafnað Sigmundur situr hjá.

Farið yfir tillögu nr. 6 tillagan snýr að Vonarskarði og verndun sérstakrar jarðmyndanna. Tillögunni er hafnað Sigmundur er samþykkur.

Farið yfir tillögu nr. 7 tillagan snýr að Vonarskarði og akstur vélknúinna ökutækja er hafnað með 5 atkvæðum, Óli situr hjá, Sigmundur styður tillöguna.

Farið yfir tillögu nr. 8 tillagan snýr að umferð reiðhjóra um Vonarskarð. Tillögunni er hafnað með 6 atkvæðum, Sigmundur samþykkir.

Farið yfir tillögu nr. 9 tillagan snýr að umferð göngufólks um svæðið með ítölu. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Farið yfir tillögu nr. 10 tillagan snýr að heimild til gistingar í Vonarskarði. Tillagan er felld samhljóða

Farið yfir tillögu nr. 11 tillagan snýr að truflun frá vélknúnum tækjum. Tillagan er felld með 6 atkvæðum Sigmundur samþykkur.

Ruth telur að eðlilegt hefði verið að tillögur er varða Vonarskarð hefður verið vísað til efnislegrar umræðu í endurskoðun svæðisráði vestursvæðis.

Stjórn samþykkir að vísa stjórn- og verndaráætlun til meðferðar og kynningar hjá umhverfisráðuneytinu.

7. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

Afgreiðsla

Formaður fór yfir stöðu vegna vinnu við fjárlagagerð.

Óli Halldórsson leggur fram tillögu í tveim liðum um skoðun á rekstrarkostnaði Vatnajökulspjóðgarðs.

Fyrir liggur að fjárhagsáætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir 2018 þarf að afgreiða á næstu vikum. Í ljósi þessa leggur Óli Halldórsson til að eftirfarandi atriði verði skoðuð og lögð fyrir næsta fund stjórnar til ákvörðunar: (1) Leitað verði samstarfs við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og/eða stofnanir ráðuneytisins sem hafa starfsstöðvar í Reykjavík, um samstarf um húsnæðisaðstöðu. Skoðaðir verði möguleikar í slíku sambýli á fastri leigu Vatnajökulspjóðgarðs á skrifstofu eða opnu vinnurými innan ráðuneytisins (eða stofnunar), með tilheyrandi aðgengi að fundaaðstöðu og öðru sameiginlegu starfsmannarými. Markmið þessa verði annars vegar verulegt rekstrarhagræði og hins vegar fagleg samlegðaráhrif af sambúð með áþekkri starfsemi. (2) Í fjárhagsáætlun 2018 verði sérstök áhersla á að standa vörð um grunnþjónustu á starfssvæðum

þjóðgarðsins, m.a. landvörslu og gestastofur. Ráðningum nýrra starfsmanna verði frestað og dregið eins og kostur er úr aðkeyptri sérfræðiþjónustu ef niðurstaða fjárlaga verður með þeim hætti að mæta þurfi samdrætti. Framkvæmdastjóra falið að fylgja þessum málum eftir og leggja valkosti fyrir næsta fund stjórnar til afgreiðslu.

Ruth tekur undir að rekstrarkostnaður við skrifstofu þjóðgarðsins í Reykjavík er of hár. Vatnajökulsþjóðgarður er landsbyggðarstofnun og því á að stefna að því starfsemi hans og lögheimili sé þar og að starfstöð í Reykjavík verði lokað. Stjórn telur að ávallt skuli vera með nýjustu gögn þegar fjallað er um fjárhagsstöðu og fjárhagsáætlunargerð. Frekari umræðu frestað þar til fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram.

5. Stjórn VJP - Almenn mál til kynningar - 1711007

Formaður kynnir hugmyndir um tímabundna ráðningur ritara stjórna, ritstjóra afmælisrits þjóðgarðsins en hann er að verða 10 ára.

Fundi slitið kl. 15:00.
